Nr. 5.
23.
febr.

# Lög

um

að leggja jarðirnar Laugarnes og Klepp í Seltjarnarnesshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Jarðirnar Laugarnes og Kleppur í Seltjarnarnesshreppi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkurkaupstaðar frá fardögum 1894.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer svo mikinn hluta af skuldum og ómagaframfærslu Seltjarnarnesshrepps, sem svarar lausafjártíundum og aukaútsvörum frá þessum jörðum eptir meðaltali áranna 1889—1894 að rjettri tiltölu við meðaltal lausafjártíunda og aukaútsvara hreppsins á sama tímabili.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 23. febrúar 1894.*

**Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 5.
23de
Febr.

om

## Henlæggelse af Jorderne Laugarnes og Kleppur i Seltjarnarnes Rep under Reykjavik Købstads Jurisdiktion og Kommune.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Jorderne Laugarnes og Kleppur i Seltjarnarnes Rep henlægges fra Fardag 1894 under Reykjavik Købstads Jurisdiktion og Kommune.

§ 2.

Fra samme Tidspunkt overtager Reykjavik Kommune en saa stor Del af Seltjarnarnes Reps Gæld og Underhold af Fattiglemmer, som svarer til Forholdet mellem Løsegodstienden og Ekstrabidragene fra fornævnte Jorder efter Gennemsnittet for Aarene 1889—1894 og den gennemsnitlige Løsegodstiende og Ekstrabidrag i hele Reppen for det samme Tidsrum.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 23de Februar 1894.**

---

**Ministeriet for Island, den 23de Februar 1894.**

*J. Nellemann.*

---

*Ólafur Halldórsson.*